

Miðvikudaginn 14. nóvember 1984.

Nr. 191/1983. **Pétur Einarsson**

gegn

Kristjóni Benediktssyni

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Er mál þetta skyldi flutt munnlega í gær sótti enginn þing af hálfu áfrýjanda.

Stefndi krafðist, að sér yrði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 75/1973 ber að fella málið niður og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Ákveðst hann 15.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, greiði stefnda, Kristjóni Benediktssyni, 15.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
